

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 6. apríl 1995.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir		Sorphirðugjald	kr.	4.450
B) Fyrirtæki	flokkur a)	Sorpeyðingargjald	kr.	4.450
	flokkur b)	Sorpeyðingargjald	kr.	13.350
	flokkur c)	Sorpeyðingargjald	kr.	22.250
	flokkur d)	Sorpeyðingargjald	kr.	53.400
	flokkur e)	Sorpeyðingargjald	kr.	111.250
	flokkur f)	Sorpeyðingargjald	kr.	222.500
	flokkur g)	Sorpeyðingargjald	kr.	249.200

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.